

26.2.2018

Til þeirra er málið varðar.

Fyrir hönd Verkefnastjórnunarfélags Íslands (VSF) vil ég undirritaður, formaður félagsins, leggja fram umsögn um þingskjal 14 - 14.mál, tillögu til þingsályktunar um tryggingu gæða, hakvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga.

VSF á rætur að rekja allt til ársins 1984, þegar nokkrir áhugasamir verkfræðingar um aðferðafræði verkefnastjórnunar stofnuðu félagið til þess að efla þekkingu um fagið hér á landi og til þess að auka skilvirka stjórn verkefna í þeim tilgangi að nýta þá fjárfestingu sem í verkefnum felst, með skynsamlegum hætti.

Félagið fagnar því þessari tillögu til þingsályktunar mjög, og er tilbúið að styðja framgang hennar og útfærslu með hverjum þeim hætti sem mögulegt er.

Eins og fram kemur í röksemdum þingsályktunarinnar, er það því miður alltof algengt að opinber innviðaverkefni fari fram úr áætlunum, bæði hvað varðar tíma og kostnað. Þess konar framúrkeyrsla opinberra verkefna er þekkt víða um heim og hafa rannsóknir sýnt að helst skortir á faglegan undirbúning verkefna; mat á ávinningi er takmarkað, stjórnun og stjórnarháttum í verkefnum er ábotavant, framvindu eftirlit af skornum skammti, áhættumat og áhættustjórnun ómarkviss og ákvarðanatáka óskilvirk og illa skjalfest svo eitthvað sé nefnt.

Einnig hafa þó ýmsar þjóðir náð langt í umbótum á eigin verkefnastjórnsýslu eins og fram kemur í þingsályktuninni, og þar er árangur norðmanna sérlega eftirtektarverður. VSF er aðili að alþjóðasamtökum verkefnastjórnunarfélaga (IPMA, International Project Management Association) og á þeim vettvangi hefur árangur Noregs ekki farið framhjá okkur.

Yfirskrift stefnu VSF er "verkefni til árangurs" og í því felst að félagið vinnur að því að efla vitund, þekkingu og færni í aðferðafræði verkefnastjórnunar til þess að verkefni skili ávinningi sínum innan skilgreinds ramma tíma og kostnaðar. Í því felast gríðarmiklir hagsmunir fyrir atvinnustarfsemi í landinu og auðvitað samfélagið allt.

Það er ljóst að mikil tækifæri eru til úrbóta í faglegri verkefnaumsýslu og verkefnastjórnsýslu opinberra framkvæmda. Ofangreind þingsályktun er því mikið fagnaðarefni og framfaraskref. Auðvitað tekur tíma að byggja þessa umgjörð faglegrar verkefnastjórnsýslu upp og efla menningu verkefnavitundar á öllum stigum. En dæmin sanna að þetta er hægt - við getum vel byggt á reynslu nágrannaþjóða og eins er fagþekking í verkefnastjórnun mikil hér á landi og menntunarstig verkefnastjórnunar hátt.

Það ætti því ekkert að vera því til fyrirstöðu að hefja þessa vegferð að tryggja gæði, hakvæmni og skilvirkni opinberra framkvæmda - til ávinnings fyrir samfélagið allt.

Fyrir hönd Verkefnastjórnunarfélags Íslands,
Þór Hauksson
formaður félagsins.